

## Fundargerð háskólaráðs

265. fundur þann 25. apríl 2008  
Fundarherbergi K102 á Sólborg

Rektor setti fund kl. 12:15.

Mættir voru auk hans:

Finnur Friðriksson varafulltrúi kennara  
Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda  
Sólveig Ása Árnadóttir fulltrúi kennara

Fjarverandi:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra  
Þóroddur Bjarnason fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Bragi Guðmundsson dósent (6. dagskr.)  
Elísabet Hjörleifsdóttir dósent (7. dagskr.)  
Hermann Óskarsson deildarforseti (8. dagskr.)  
Ólína Freysteinsdóttir verkefnastjóri RHA (7. dagskr.)  
Rúnar Leifsson prófstjóri (9. dagskr.)

---

Rektor kynnti dagskrá.

- 1. Fundargerð 264. fundar**  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
- 2. Rekstraryfirlit janúar – mars 2008**  
Ólafur gerði grein fyrir rekstraryfirliti fyrstu þriggja mánaða ársins. Rekstrar-  
kostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er um 289,06 m.kr. eða 23,79% af  
áætlun ársins þar af 163,37 m.kr. eða 23,77% vegna kennsludeilda.
- 3. Þriggja ára starfs- og rekstraráætlun**  
Rektor gerði grein fyrir tillögum framkvæmdastjórnar að forgangsöröðun mála í  
starfs- og rekstraráætlun 2008-2010. Háskólaráð fól Ólafi og Úlfari að taka mið af  
tillögum við gerð heildaráætlunar næstu þriggja ára sem lögð verður fram á  
næsta fundi háskólaráðs.
- 4. Frumvarp til laga um opinbera háskóla**  
Rektor kynnti frumvarp til laga um opinbera háskóla. Háskólaráð fól rektor að  
senda athugasemdir háskólans við frumvarpið til Alþingis.
- 5. Ráðning í stöðu deildarforseta hug- og félagsvísindadeildar**  
Rektor gerði grein fyrir málinu. Alls bárust níu umsóknir um stöðu deildarforseta  
hug- og félagsvísindadeildar. Einn umsækjandi uppfyllti ekki lágmarksskilyrði og  
fjórir umsækjendur drógu umsóknir sínar til baka. Eftir stóðu fjórir umsækjendur:  
Grétar Þór Eypórsson, Haukur Arnþórsson, Ingibjörg Ágústsdóttir og Sigurður  
Kristinsson. Haldinn var sameiginlegur fundur í félagsvísinda- og lagadeild og  
kennaradeild þar sem umsækjendum var gefinn kostur á að koma og kynna sig.

Kosið var síðan á milli umsækjenda á deildarfundum og hlaut Sigurður Kristinsson yfirgnæfandi meirihluta atkvæða í báðum deildum. Háskólaráð samþykkti tillögu rektors um að Sigurður yrði ráðinn deildarforseti hinnar nýju deildar.

**6. Dómnefndarálit**

Bragi Guðmundsson gerði grein fyrir dómnefndaráliti um hæfi Elínar Ebbu Ásmundsdóttur til að hljóta framgang úr starfi lektors í starf dósents. Háskólaráð staðfesti álit dómnefndar sem mat hana hæfa til að hljóta framgang.

**7. Tillögur um rannsóknamisseri**

Sólveig Ása vék af fundi á meðan umfjöllun og afgreiðsla þessa dagskrárliðar fór fram. Elísabet Hjörleifsdóttir formaður rannsóknamissisnefndar og Ólína Freysteinsdóttir starfsmaður nefndarinnar gerðu grein fyrir tillögum nefndarinnar um úthlutun rannsóknamissera fyrir árið 2009 sem byggðust á tveimur forsendum: a) röðun skv. stigamati og fleiri þáttum, b) þeim fjármunum sem voru til ráðstöfunar. Fyrir lá að veittar yrðu 80 milljónir til rannsóknamissera á árinu 2009 og búið var að ráðstafa 47 milljónum skv. ákvörðun fyrri rannsóknamissisnefndar. Háskólaráð samþykkti tillöguna og samkvæmt henni hljóta eftirtaldir rannsóknamisseri: Anna Ólafsdóttir, Birgir Guðmundsson, Guðmundur Heiðar Frímannsson, Ingi Rúnar Eðvarðsson, Kristján Kristjánsson, Páll Björnsson, Sigríður Halldórsdóttir og Snæfríður Þóra Egilson.

**8. Fjöldatakmarkanir í heilbrigðisdeild**

Hermann Óskarsson gerði grein fyrir tillögum heilbrigðisdeildar um takmörkun á fjölda þeirra sem hefja nám í iðjuþjálfun og hjúkrunarfræði á vormisseri 2009. Lagt er til að fjöldi þeirra sem hefja nám á vormisseri 1. árs í iðjuþjálfun verði takmarkaður við 25 nemendur og í hjúkrunarfræði við 50 nemendur. Háskólaráð samþykkti tillögurnar.

**9. Breytingar á prófareglum**

Rúnar Leifsson gerði grein fyrir tillögu um breytingu á prófareglum. Lagt er til að innritun í haustpróf skuli vera lokið eigi síðar en þremur vikum fyrir fyrsta prófdag. Háskólaráð samþykkti tillöguna.

**10. Samsettar prófgráður**

Háskólaráð samþykkti eftirfarandi tillögu að reglum um heimila samsetningu náms við HA:

1. Nemendur ljúka 90 einingum/180 (ECTS) einingum eða 120 einingum/240 (ECTS) einingum til að hljóta bakkalárpróf.

2. Nemendum er heimilt að byggja nám sitt upp með þeim hætti að ljúka 60 (120 ECTS) eða 90 (180 ECTS) einingum í aðalgrein og 0 eða 30 (60 ECTS) einingum í aukagrein. Sé bakkalárnám 120 (240 ECTS) einingar er heimilt að setja það saman úr 120 (240 ECTS), 90 (180 ECTS) eða 60 (120 ECTS) einingum í aðalgrein og 0, 30 (60 ECTS) eða 60 (120 ECTS) einingum í aukagrein. Allar slíkar námsleiðir þurfa að vera fyrirfram skilgreindar í námskrá áður en nám hefst.

**11. Háskólafundur**

Dreift var fundargerð háskólafundar þann 2. apríl sl.

- 12. Viðurkenningar menntamálaráðuneytis á fræðasviðum HA**  
Rektor sagði frá athöfn í Þjóðmenningarhúsi þann 22. apríl sl. er menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, afhenti háskólanum viðurkenningu vegna fræðasviða. Viðurkenningarnar eru byggðar á álitum alþjóðlegra sérfræðinefnda sem fóru yfir starfsemi háskólans. Niðurstöður sérfræðinefndanna voru að þær mæltu einróma með að háskólinn öðlaðist viðurkenningu á fræðasviðum auðlindavísinda, félagsvísinda og heilbrigðisvísinda.
- 13. Skipun dómnefndar**  
Háskólaráð samþykkti tillögu rektors um að skipa Braga Guðmundsson dósent og Bjarna Kristinsson verkfræðing sem aðalfulltrúa háskólaráðs í dómnefnd HA og til vara Snæfríði Þ. Egilson dósent og Ingibjörgu Elíasdóttur sérfræðing hjá Jafnréttisstofu. Bragi mun jafnframt verða skipaður formaður dómnefndar. Menntamálaráðuneyti tilnefnir síðan í nefndina einn aðalfulltrúa og annan til vara.
- 14. Skipun stjórnar Símenntunar**  
Háskólaráð samþykkti tillögu rektors um að skipa eftirtalda í stjórn Símenntunar HA til næstu tveggja ára:  
Anna Þóra Baldursdóttir lektor  
Helgi Jóhannesson þjónustustjóri hjá VÍS  
Jóna Jónsdóttir forstöðumaður og verðandi starfsmannastjóri Norðlenska  
Steinunn Aðalbjarnardóttir verkefnastjóri launa- og starfsmannamála  
Úlfar Hauksson forstöðumaður, jafnframt formaður  
Skipunin er gerð með fyrirvara um breytingar á reglum Símenntunar.
- 15. Önnur mál**  
Engin mál tekin fyrir.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:05.